



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### TANNLÆKNADEILD

#### TIL NEMENDA Á 1. NÁMSÁRI Í TANNLÆKNADEILD

júlí/ágúst 2021

Kæri tannlæknanemi / tannsmíðanemi.

Hér koma ýmsar upplýsingar varðandi fyrirhugað nám þitt á 1. ári í Tannlæknadeild. Prófatímabilið á haustmíssi er 2. – 16. desember 2021. **Samkvæmt reglum um val nemenda til náms í tannlæknisfræði og tannsmíði eru sjúkrapróf ekki haldin í samkeppnisprófum. Einnig er bent á að notkun upptökutækja í fyrirlestrum þeirra námskeiða sem prófað er í í samkeppnisprófum er ekki heimil.**

Kennsla hefst almennt í Tannlæknadeild samkvæmt stundaskrá mánudaginn 23. ágúst 2021, en **föstudaginn 20. ágúst kl. 15:00 verður kynningarfundur fyrir nýnema á vegum Ellenar Flosadóttur forseta Tannlæknadeildar. Jafnframt verður kynning á kennslu í formfræði tanna á vegum Sigríðar Rósu Víðisdóttur lektors. Kynningarfundurinn fer fram í stofu 201 í Læknagarði.**

#### Fyrirhugaður nýnemadagur Heilbrigðisvísindasviðs:

Allir nýnemar á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands verða boðnir velkomnir í **Háskóla Íslands föstudaginn 3. september kl. 14-16.** Þar verður kynnt starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs og hagsmunaaðila nemenda auk mikilvægrar þjónustu uppýsingatæknisviðs og námsráðgjafar Háskólans. Nánari staðsetning auglýst síðar.

Á forsíðu Háskólans (hi.is) má sjá kort af háskólasvæðinu þar sem hús Háskólans eru merkt. Eftir skráningu og greiðslu skólagjalda fáir þið **veflykil** sem þið notið til að fá aðgang að **Uglunni** (innra neti nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands). **Jafnframt fáir þið úthlutað hi-netfangi sem ég vil biðja ykkur um að nota og fylgjast með pósti sem ykkur berst. Allar upplýsingar frá Háskóla Íslands og Tannlæknadeild verða sendar á þetta hi-netfang.** Eftir að þið hafið skráð ykkur í Ugluna, sjáið þið skráningarstöðu ykkar og prófnúmer – nemendanúmer. Ef þið lendið í vandræðum með veflykilinn, er best að snúa sér til þjónustuborðs á Háskólatorgi.

Tekið hefur verið upp nýtt námsumsjónarkerfi í Háskóla Íslands sem kallast **CANVAS** þar sem stofnaður er kennsluvefur fyrir hvert námskeið. Allar nánari upplýsingar um **CANVAS** eru í Uglu. Vegna byggingaframkvæmda í kringum Læknagarð er aðgengi fyrir bifreiðar að Læknagarði aðeins frá Snorrabraut.

#### Einkunn:

- Nemendur fá hefðbundna námundaða einkunn í heilum og hálfum tölum (með einum aukastaf) fyrir hverja grein fyrir sig, sem færast í nemendaskráningu. Tölvuútskrift, sem sýnir aðaleinkunn með tveimur aukastöfum, verður hins vegar opinber niðurstaða samkeppnisprófa, þó hún verði ekki sérstaklega skráð hjá nemendaskráningu sem slík.
- Hver kennari semur og ber ábyrgð á prófi í sinni grein.

#### Stundaskrár:

- Drög að stundaskrár fyrir haustmíssi 2021 eru á heimasíðu Tannlæknadeildar. Athugið að hér er um drög að ræða, sem geta breyst. Breytingar, ef einhverjar verða, eru settar jafnóðum inn á heimasíðuna.

Með bestu kveðjum,

*Guðrún Ívars*

deildarstjóri Tannlæknadeildar